

REKSTRARSAMNINGUR.

Menningar- og íþróttasvið Reykjavíkur (MÍR), (530269 – 7609) annars vegar, hér eftir nefnt leigusali og Farfuglar ses, (470312 – 1060) hér eftir nefnt leigutaki, gera með sér eftirfarandi samning um rekstur Tjaldsvæðisins í Laugardal. Með gildistöku samnings þessa falla úr gildi fyrri samningar milli aðila um samningsandlagið.

1. gr.

Leigutaki tekur að sér rekstrarstjórn á Tjaldsvæðinu í Laugardal og er ábyrgur fyrir rekstri, skipulagningu, og kynningu á starfsemi svæðisins. Í rekstri tjaldsvæðisins felst móttaka og þjónusta við gesti Tjaldsvæðisins. Áhersla skal lögð á umhverfis-, öryggis- og gæðamál í rekstri Tjaldsvæðisins.

2. gr.

Leigutaki skal kynna leigusala áætlun um rekstur og fyrirkomulag starfseminnar fyrir 1. apríl ár hvert. Leigutaki ákveður gjaldskrá tjaldsvæðisins. Tengiliður leigusala við leigutaka er skrifstofustjóri Útilífsborgar hjá Menningar- og íþróttasviði Reykjavíkurborgar.

3. gr.

Leigutaki gerir engar breytingar á mannvirkjum í eigu borgarinnar á svæðinu nema að höfðu samráði við leigusala.

4. gr.

Leigutaki greiðir leigusala 5.000.000 kr. í fasta leigu. Auk þess greiðir leigutaki 23% af árlegri veltu (án VSK) af seldum gistinóttum til leigusala.

Greiðslur verða á samningstímanum með eftirfarandi hætti:

1. október, uppgjör fastrar leigu auk uppgjörs fyrir tímabilið 1. janúar til 1. september.
1. febrúar árið eftir, lokauppgjör fyrir undangengið ár.

5. gr.

Leigutaki greiðir allan almennan rekstrarkostnað vegna starfsemi Tjaldsvæðisins. Þó greiðir leigusali kostnað vegna umhirðu lóðar (þ.m.t. sláttur grasflata, klipping og grisjun trjáa, umhirða beða, hreinsun og umhirða bílplans). Leigusali greiðir fasteignagjöld af Tjaldsvæði, brunatryggingar og kostnað við áætlað viðhald samkvæmt áætlunum frá Umhverfis- og skipulagssviði, skrifstofu framkvæmda og viðhalds, sem kynntar eru leigutaka í upphafi árs, þó með fyrirvara um fjármögnun hverju sinni. Annan viðhalds- og rekstrarkostnað ber leigutaki. Þá greiðir leigusali innri leigu af byggingum, endurbótum og öðrum fjárfestingum á svæðinu til Eignasjóðs Reykjavíkurborgar.

6. gr.

Leigutaki skal skila gistináttaskýrslum ásamt tekjuuppgjöri staðfestu af löggiltum endurskoðenda til leigusala eigi síðar en 1. nóvember 'ár hvert.

7. gr.

Samningur þessi gildir frá undirritun og gildir að óbreyttu til ársloka 2028.

Reykjavík, xxxxx 2026.

F.h. Farfugla ses

F.h. Menningar- og íþróttasviðs.
